

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 12

við Stjórnartíðindi EB

3. árgangur

14.3.1996

| | | |
|---------------------|--|----|
| I | EES-STOFNANIR | |
| 1. | EES-ráðið | |
| 2. | Sameiginlega EES-nefndin | |
| 3. | Sameiginlega EES-þingmannanefndin | |
| 4. | Ráðgjafarnefnd EES | |
| II | EFTA-STOFNANIR | |
| 1. | Fastanefnd EFTA-ríkjanna | |
| 2. | Eftirlitsstofnun EFTA | |
| 3. | EFTA-dómstóllinn | |
| III | EB-STOFNANIR | |
| 1. | Ráðið | |
| 2. | Framkvæmdastjórnin | |
| 96/EES/12/01 | Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.556 - Zeneca/Vanderhave)..... | 01 |
| 96/EES/12/02 | Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.697 - Lockheed Martin Corporation/Loral Corporation)..... | 02 |
| 96/EES/12/03 | Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.705 - Deutsche Telekom/SAP-S)..... | 02 |
| 96/EES/12/04 | Tilkynning um samninga um bókaverð á þýska málsvæðinu (Mál nr. IV/34.657 Sammelrevers)..... | 03 |
| 96/EES/12/05 | Tilkynning um samning um póstafræðslugjöld (REIMS) (Mál nr. IV/35.849 - REIMS)..... | 04 |
| 96/EES/12/06 | Auglýsing samkvæmt 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4056/86 og 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017 um mál nr. IV/35.680 - Baltic Liner Conference Agreement..... | 04 |
| 96/EES/12/07 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.677 - Skanska Fastigheter/Securum Förvaltning)..... | 05 |
| 96/EES/12/08 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.686 - Nokia/Autoliv)..... | 05 |

| | | |
|--------------|---|----|
| 96/EES/12/09 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.692 - Elektrowatt/Landis & Gyr)..... | 05 |
| 96/EES/12/10 | Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð (Mál nr. IV/M.673 - Channel Five)..... | 06 |
| 96/EES/12/11 | Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð (Mál nr. IV/M.681 - RB of Scotland/Bank of Ireland)..... | 06 |
| 96/EES/12/12 | Ríkisaðstoð - C 21/94 (ex N 415/93) - Ítalía..... | 06 |
| 96/EES/12/13 | Rammaákvörðun bandalagsins um ríkisstyrk vegna rannsókna og þróunar..... | 07 |
| 96/EES/12/14 | Leiðbeiningar um ríkisaðstoð vegna fjárfestinga í vinnslu og markaðssetningu á landbúnaðarvörum..... | 07 |
| 96/EES/12/15 | Ríkisstyrkir: niðurgreidd skammtímalán til landbúnaðarins..... | 07 |
| 96/EES/12/16 | Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki..... | 07 |
| 96/EES/12/17 | Tilmæli um tillögur - opin samkeppni..... | 10 |
| 96/EES/12/18 | Framtíðarspá fyrir stáliðnaðinn fyrir fyrri hluta ársins 1996 og allt árið 1996..... | 10 |
| 96/EES/12/19 | Rekstur áætunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætunarflugs á milli Castres Mazamet og Lyon (Satolas) og milli Rodez og Lyon (Satolas)..... | 10 |
| 96/EES/12/20 | Rekstur áætunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætunarflugs á milli Clermont- Ferrand og Marseille..... | 11 |
| 96/EES/12/21 | Rekstur áætunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætunarflugs á milli Pau og Madrid..... | 11 |
| 96/EES/12/22 | Rekstur áætunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætunarflugs á milli Clermont-Ferrand og Lyon (Satolas)..... | 12 |
| 96/EES/12/23 | Rekstur áætunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætunarflugs á milli Clermont-Ferrand og Nice..... | 12 |
| 96/EES/12/24 | Rekstur áætunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætunarflugs á milli Pau og Clermont-Ferrand..... | 12 |
| 96/EES/12/25 | Orðsending frá frönskum stjórnvöldum með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni..... | 13 |
| 96/EES/12/26 | Tilvísunarnúmer fyrir tilkynningu á útflutningi tiltekinna hættulegra efna..... | 13 |
| 96/EES/12/27 | Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 15. 1. til 2. 2. 1996..... | 14 |

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.556 - Zeneca/Vanderhave)

96/EES/12/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. 3. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækin Zeneca Limited og Cooperative Suiker Unie U.A. öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirlit yfir Zeneca Vanderhave BV nýstofnuðu fyrirtæki sem mun sameina viðskipti þeirra með fræ.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Zeneca Limited: Kemísk efni til notkunar við akuryrkju, fræ, og lyf.
 - Cooperative Suiker Unie: Sykur, fræ, ávextir, grænmeti og krydd.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 70, 8. 3. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.556 - Zeneca/Vanderhave, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

96/EES/12/02

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.697 - Lockheed Martin Corporation/Loral Corporation)

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. 1. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækið Lockheed Martin Corporation (USA) öðlast heildaryfirráð yfir Loral Corporation (USA). Þann 20. 2. 1996 tilkynnti framkvæmdastjórn að tilkynningin væri ófullkomin. Eftir fullkomnun tilkynningarinnar varð raunveruleg dagsetning hennar 26. febrúar 1996.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Lockheed Martin: Verktakafyrirtæki á sviði varnarmála, einkum innan fluggeirans, sem annast starfsemi er tengist geimflugskeytum og flugskeytum sem notuð eru í hernaði, rafeindafraði, upplýsinga- og tækniþjónustu og starfar jafnframt á sviði orku- og umhverfismála,
 - Loral: Fyrirtæki sem annast sölu á fullkomnum rafeindakerfum, íhlutum og búnaði, einkum virkt á sviði rafeindahernaðar og sér einnig um ýmis konar starfsþjálfun og hermikennslu, útvegar vopn, stýri- og eftirlitskerfi, fjarskipta- og upplýsingakerfi, annast kerfissambættingu auk sölu á fjarskipta- og geimkerfum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 68, 6. 3. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.697 - Lockheed Martin Corporation/Loral Corporation, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

96/EES/12/03

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.705 - Deutsche Telekom/SAP-S)

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. 2. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækið Deutsche Telekom AG öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu SAP Solutions GmbH, sem áður var eingöngu undir stjórn SAP AG, með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Deutsche Telekom: Fjarskiptaþjónusta,
 - SAP AG: Þróun hugbúnaðar og afsal á réttindum tengdum notkun hans,
 - SAP-S: Þróun á notendahugbúnaði og annarri tölvuþjónustu.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 70, 8. 3. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.705 - Deutsche Telekom/SAP-S, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
 Directorate-General for Competition (DG IV)
 Directorate B-Merger Task Force
 Avenue de Cortenberg 150
 B-1049 Brussels

Tilkynning um samninga um bókaverð á þýska málsvæðinu 96/EES/12/04 (Mál nr. IV/34.657 Sammelrevers)

1. Þann 18. 3. 1993 tilkynntu forlögin MANZsche Verlags- und Universitätsbuchhandlung, Nomos Verlagsgesellschaft og Droemersch Verlagsgesellschaft Th. Knauer Nachf. framkvæmdastjórninni um samning um ákveðið smásöluverð á prentvörum í Þýskalandi og Austurríki („Sammelrevers“) samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾. Þann 7. október 1993 gerðust nokkur önnur forlög í Þýskalandi og Austurríki aðilar að tilkynningunni.
2. Tilkynningin varðar samninga milli þýskra forlaga og austurrískra bóksala, milli austurrískra forlaga og þýskra bóksala, og jafnframt milli þýskra forlaga og þýskra bóksala og milli austurrískra forlaga og austurrískra bóksala. Gerð þessara samninga um ákveðið smásöluverð og eftirlit með þeim er í höndum sérstakra umboðsmanna („Preisbindungstreuhänder“). Verðákvörðun fyrir sjö stór þýsk forlög („Einzelreverse“) fer fram sérstaklega og eftir öðrum reglum en gilda fyrir „Sammelrevers“.
3. Þann 29. júlí 1994 gaf skrifstofa samkeppnismála út stjórnsýslubréf sem hafði að geyma tímabundna undanþágu fyrir „Sammelrevers“- kerfið frá banninu við samkeppnishömlum sem um getur í 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans þar til 30. júní 1996. Þann 6. janúar 1995 var annað stjórnsýslubréf gefið út viðvíkjandi „Einzelreverse“, með sömu skilmálum og fyrir „Sammelrevers“. Stjórnsýslubréfin voru send eftir að forrannsókn hafði farið fram og höfðu að markmiði að gæta réttaröryggis viðkomandi aðila. Í þeim er ekki kveðið á um endanlega afstöðu framkvæmdastjórnarinnar um hvort skilyrði fyrir undanþágu, sem um getur í 3. mgr. 85. gr., séu uppfyllt. Um það verður fjallað í formlegri ákvörðun sem framkvæmdastjórnin er nú að undirbúa.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi smásöluverðkerfið á framfæri við sig undir titlunum „Sammelrevers“ og „Einzelreverse“. Um athugasemdirnar gildir þagnarskylda í samræmi við 20. gr. reglugerðar nr. 17. Athugasemdirnar skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 30 dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 54, 23. 2. 1996 með tilvísun til máls nr. IV/34.657 Sammelrevers, annaðhvort um bréfasíma (+32 2 2969804) eða í pósti, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
 Directorate-General for Competition (DG IV)
 Directorate C
 200, rue de la Loi
 B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

Tilkynning um samning um póstafræiðslugjöld (REIMS) 96/EES/12/05
(Mál nr. IV/35.849 - REIMS)

Framkvæmdastjórninni var í desember 1995 tilkynnt um samning sem gerður var 13. desember 1995 um póstafræiðslugjöld samkvæmt REIMS-kerfinu (gjöld vegna lögbodinnar póstafræiðslu milli landa) til athugunar samkvæmt samkeppnisreglum. Póstafræiðslugjöld eru gjöld sem opinber pósthús leggja á vegna útburðar á innsendum pósti frá útlöndum.

Eftirfarandi pósthús eiga aðild að samningnum: Austurríska pósthjónustan, La Poste/De Post (Belgíu), danska pósthjónustan, finnska pósthjónustan, Posten AB (Svíþjóð), La Poste (Frakklandi), Deutsche Post AG (Þýskalandi), gríska pósthjónustan ELTA, The Post Office (Breska konungsríkinu), An Post (Írlandi), Ente Poste Italiane (Ítalíu), Entreprise des Postes & Télécommunications (Lúxemborg), PTT Post BV (Hollandi), CTT Correios de Portugal S.A., norska og íslenska pósthjónustan.

Opinber fyrirtæki og jafnframt einkafyrirtæki sem annast skyldubundna og almenna pósthjónustu geta átt aðild að samningnum, að því tilskildu að þau skuldbindi sig til, eða samþykki að veita hinum samningsaðilunum þessa hjónustu (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 42, 14. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hagsmunaaðilum kost á að koma athugasemdum sínum varðandi þennan samning á framfæri. Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 17 gildir þagnarskylda um allar athugasemdir. Athugasemdirnar verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan 30 daga frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, með tilvísun til máls nr. IV/35.849 - REIMS.

Athugasemdirnar skulu sendar:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV),
Directorate for Information, Communication and Multimedia
200, rue de la Loi
B-1040 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 98 19

Auglýsing samkvæmt 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) 96/EES/12/06
nr. 4056/86 og 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017 um
mál nr. IV/35.680 - Baltic Liner Conference Agreement

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) 4056/86 sendu Finn carriers Oy Ab og Poseidon Schiffahrt AG framkvæmdastjórninni þann 11. ágúst 1995 beiðni um undanþágu, sbr. 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans fyrir samninginn Baltic Liner Conference Agreement. Samkvæmt 8. mgr. 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4260/88 tilkynnti framkvæmdastjórnin umsækjendum þann 15. ágúst 1995 að hún myndi einnig rannsaka samninginn með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68 um ítarlegar reglur hvað varðar beitingu 85. og 86. gr. EB-sáttmálans gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 44, 16. 2. 1996).

Þessi auglýsing er birt samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4056/86 og 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68. Á þessu stigi málsins hefur framkvæmdastjórnin ekki tekið neina afstöðu gagnvart því hvort samningurinn samrýmist 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans. Í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og 2. mgr. 12. gr. (EBE) nr. 1017 gefur framkvæmdastjórnin þeim sem eiga hagsmuna að gæta kost á að senda athugasemdir sínar innan 30 daga eftir birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, með tilvísun til máls nr. IV/35.680, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV),
Directorate D "Services"
200, rue de la Loi
B-1040 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 98 12

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu **96/EES/12/07**
(Mál nr. IV/M.677 - Skanska Fastigheter/Securum Förvaltning)

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. 1. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu **96/EES/12/08**
(Mál nr. IV/M.686 - Nokia/Autoliv)

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. 2. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu **96/EES/12/09**
(Mál nr. IV/M.692 - Elektrowatt/Landis & Gyr)

Framkvæmdastjórnin ákvað 12. 2. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð
(Mál nr. IV/M.673 - Channel Five)****96/EES/12/10**

Framkvæmdastjórnin úrskurðaði 22. 12. 1996 að tilkynnt aðgerð í framannefndu máli félli ekki undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem hún myndar ekki samfylkingu í skilningi 3. gr. hennar. Ákvörðun þessi byggist á a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð
(Mál nr. IV/M.681 - RB of Scotland/Bank of Ireland)****96/EES/12/11**

Framkvæmdastjórnin úrskurðaði 5. 2. 1996 að tilkynnt aðgerð í framannefndu máli félli ekki undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem hún uppfyllir ekki skilyrðin sem um getur í 2. mgr. 1. gr. hennar. Ákvörðun þessi byggist á a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Ríkisaðstoð
C 21/94 (ex N 415/93)
Ítalía****96/EES/12/12**

Framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt ítölskum stjórnvöldum ákvörðun sína um að ljúka málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem Ítalía ákvað að veita fiskiðnaðinum (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 42, 14. 2. 1996).

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Rammaákvörðun bandalagsins um ríkisstyrk vegna
rannsókna og þróunar****96/EES/12/13**

Framkvæmdastjórnin hefur birt endurskoðaða útgáfu af rammaákvörðun bandalagsins um ríkisstyrk vegna rannsókna og þróunar þar sem leitast er við að taka mið af nýlegri þróun og þeirri reynslu sem fengist hefur á síðustu árum (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 45, 17. 2. 1996).

**Leiðbeiningar um ríkisaðstoð vegna fjárfestinga í vinnslu og
markaðssetningu á landbúnaðarvörum****96/EES/12/14**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt leiðbeiningar og viðeigandi ráðstafanir sem lagðar verða fyrir aðildarríkin í samræmi við 1. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans um ríkisaðstoð vegna fjárfestinga í vinnslu og markaðssetningu á landbúnaðarvörum (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 29, 2. 2. 1996).

Ríkisstyrkir: niðurgreidd skammtímalán til landbúnaðarins**96/EES/12/15**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt orðsendingu sem verður sent til aðildarríkjanna í samræmi við 1. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans um niðurgreidd skammtímalán til landbúnaðarins („crédits de gestion”) (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 44, 16. 2. 1996).

**Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki****96/EES/12/16**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð við silungaeldisstöð í Mecklenburg-Vorpommern, Þýskalandi, ríkisaðstoð nr. NN 68/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt rannsóknar- og þróunaráætlun fyrir Lúxemborg, ríkisaðstoð nr. N 60/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð á sviði umhverfismála við tvö stálfyrirtæki innan Kola- og stálbandalags Evrópu í Flandri, Belgíu, ríkisaðstoð nr. N 285/95 og N 297/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt tillögu um breytingu á lögum um fiskimið í Konungsríkinu Danmörku, ríkisaðstoð nr. N 526/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt áætlun um ríkisábyrgðir vegna skipasmíða í Svíþjóð, ríkisaðstoð nr. N 370/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt útvíkkun á svæðum sem njóta stuðnings SOFIREM og FIBM til kantónunnar Graulhet í Tarn-sýslu í Frakklandi, ríkisaðstoð nr. N 763/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þróunaraðstoð sem Þýskaland veitti Kína í samræmi við 7. mgr. 4. gr. í sjöundu tilskipun um aðstoð til skipasmíða, ríkisaðstoð nr. N 688/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð vegna smíði fiskiskipa á Spáni, ríkisaðstoð nr. NN 119/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt útflutningsábyrgðarsjóð vegna þróunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Breska konungsríkinu, ríkisaðstoð nr. N 839/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt að Luigi Orlando-skipasmíðastöðin í Lívornó, Ítalíu, verði keypt af stjórnendum hennar þannig að þeir sem fá bæt看 vegna uppsagna geta veitt fénu í samvinnufélag starfsmanna, ríkisaðstoð nr. N 546/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt greiðslu á þriðja hluta fjárfestingaraðstoðar í þágu fyrirtækisins Volkswerft í Stralsund, Þýskalandi, ríkisaðstoð nr. N 801/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun sem Spánn innleiddi til að styðja rannsóknarstarfsemi á vegum fyrirtækja í Katalóníu, ríkisaðstoð nr. N 640/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt endurskoðun á AIDE-ráðstöfununum varðandi fjárfestingar vegna nýsköpunar starfa í fyrirtækjum í tilteknum héruðum sem eiga rétt á byggðaaðstoð í Vallóníu, Belgíu, ríkisaðstoð nr. N 361/94 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt endurskoðun á AIDE-ráðstöfununum varðandi fjárfestingar vegna nýsköpunar starfa í fyrirtækjum í tilteknum héruðum sem eiga rétt á byggðaaðstoð í Vallóníu, Belgíu, ríkisaðstoð nr. N 372/94 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð sem miðar að aukinni fjölbreytni í atvinnustarfsemi á stáliðjusvæðinu fyrrverandi Meuse/Vesdre í Belgíu, ríkisaðstoð nr. N 766/94 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt undanþágu frá fyrirtækjaskatti í fimm ár fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á tilteknum dreifbýlissvæðum í Frakklandi, ríkisaðstoð nr. N 493/95 - ráðstafanir nr. 1 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt undanþágu frá iðgjöldum sem atvinnurekendur greiða fyrir fjórða til fimmtugasta starfsmanns fyrir fyrirtæki á tilteknum dreifbýlissvæðum í Frakklandi, ríkisaðstoð nr. N 493/95 - ráðstafanir nr. 2 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt sérstakar afskriftir, sem heyra til undantekningar, á iðnaðar- eða verslunarbyggingum lítilla og meðalstórra fyrirtækja á tilteknum dreifbýlissvæðum í Frakklandi, ríkisaðstoð nr. N 493/95 - ráðstafanir nr. 3 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hærri skattafrádrátt vegna rannsókna og þróunar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á tilteknum dreifbýlissvæðum í Frakklandi, ríkisaðstoð nr. N 493/95 - ráðstafanir nr. 4 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt áframhaldandi beitingu á nokkrum aðstoðaráætlunum fyrir þýska skipasmíðaiðnaðinn árið 1995, ríkisaðstoð nr. N 536/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð hvað varðar tvö dönsk söfnunar- og förgunarkerfi fyrir rafhlöður/rafgeyma sem innihalda blý og kadmíum, þar sem þau fela ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans, ríkisaðstoð nr. N 539/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fjármögnunarsjóð vegna stofnsetningar nýrra fyrirtækja í Belgíu, ríkisaðstoð nr. N 569/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð við sjónvarpsfyrirtækið ITALTEL Società Italiana Telecomunicazioni S.p.A. vegna þriggja ólíkra rannsóknarverkefna, ríkisaðstoð nr. N 808/95, N 809/95 og N 810/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ráðstafanir til styrktar nýjum vörum og nýrri framleiðslutækni í Saxlandi, Þýskalandi, ríkisaðstoð nr. N 928/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fjármögnunarverkefni hvað varðar tækninýjungar í Saxlandi, Þýskalandi, ríkisaðstoð nr. N 929/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt svæðisbundið þróunarverkefni til að stuðla að aukinni atvinnu og fjárfestingum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum í Mursíu, Spáni, ríkisaðstoð nr. N 421/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýsku rannsóknar- og þróunaraðstoðina „Lífrænt dísil í viðkvæmu umhverfi“ í Mecklenburg-Vorpommern, ríkisaðstoð nr. N 53/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoð til að bæta vinnslu- og markaðsskilyrði fyrir landbúnaðar- og fiskafurðir, ríkisaðstoð nr. N 500/B/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð til styrktar framleiðslu í Portúgal, ríkisaðstoð nr. N 906/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 53, 22. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð við skipasmíðaiðnaðinn á Ítalíu, ríkisaðstoð nr. N 50/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 55, 24. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð við skipasmíðaiðnaðinn í Portúgal, ríkisaðstoð nr. N 232/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 55, 24. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt áætlun um endurskipulagningu og breytingu á skipasmíðastöðinni Linsnave í Portúgal, ríkisaðstoð nr. N 96/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 55, 24. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt sérstaka aðstoð við skipasmíðaiðnaðinn í Frakklandi í formi aðstoðar til að bæta þöntunarfyrirkomulag og vegna rannsókna og þróunar, ríkisaðstoð nr. N 365/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 55, 24. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur úrskurðað að í tryggingunni sem veitt var McTay Marine-skipasmíðastöðinni í Breska konungsríkinu sé ekki um að ræða neinn styrkþátt undir framleiðsluhámarkinu sem kveðið er á um í sjöundu tilskipun um aðstoð til skipasmíða, ríkisaðstoð nr. N 721/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 55, 24. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð til að efla iðnað í Andalúsíu, Spáni, ríkisaðstoð nr. N 348/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 55, 24. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska aðstoð, innan ramma Eureka-áætlunarinnar 606 Acropol, við fyrirtækið Bull SA vegna þróunar nýrrar kynslóðar upplýsingakerfa sem eru hönnuð til að fullkomna gagnvirk samskipti samtaka og fyrirtækja við viðskiptavinum sínum, ríkisaðstoð nr. NN 131/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 55, 24. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt rammaáætlun vegna aðstoðar í tengslum við frumkvæði bandalagsins LEADER II varðandi styrki og vaxtastyrki til lítilla fyrirtækja á dreifbýlissvæðum á Spáni, ríkisaðstoð nr. N 965/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 55, 24. 2. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska aðstoðaráætlun um styrki fyrir áhafnir skipa sem eru tekin varanlega úr rekstri, ríkisaðstoð nr. N 897/95 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 55, 24. 2. 1996).

Tilmæli um tillögur - opin samkeppni**96/EES/12/17**

Val á u.þ.b. 50 aðilum sem mynda munu net ráðgjafa í tengslum við tilraunaverkefnið Euromanagement-Environment.

Leitað er leiða til að auðvelda þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í umhverfismála- og vistúttektarkerfi bandalagsins (EMAS) (reglugerð (EBE) nr. 1836/93).

Framkvæmdastjórnin ætlar að gera samning við u.þ.b. 50 ráðgjafa í tengslum við rannsóknarverkefni sem hrundið verður í framkvæmd í öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins og innan Evrópska efnahagssvæðisins (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 49, 20. 2. 1996).

Tillögurnar verða að hafa borist framkvæmdastjórninni í ábyrgðarpósti fyrir 10. apríl 1996. Tillögurnar skulu settar í lokað umslag sem komið er fyrir í öðru lokuðu umslagi merktu „Appel à proposition no ...; Euromanagement-Environment - à ne pas ouvrir par le service du courrier” og sendar á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
DG XXIII
c/o Mr. Tonnie De Koster
AN 80 - 4/42
200, rue de la Loi
B-1049 Brussel

Framtíðarspá fyrir stáliðnaðinn fyrir fyrri hluta ársins 1996 og allt árið 1996**96/EES/12/18**

Framkvæmdastjórnin hefur birt framtíðarspá fyrir stáliðnaðinn fyrir fyrri hluta ársins 1996 og allt árið 1996 í Stjttíð. EB nr. C 38, 10. 2. 1996. Búið er við áframhaldandi jákvæðri efnahagslegri þróun í bandalaginu árið 1996, þrátt fyrir að spáð sé minni hagvexti en árin 1994 og 1995.

Samdráttur í stálframleiðslu seinni hluta árs 1995 vegna minni eftirspurnar eftir stáli og neikvæðrar verðþróunar á stálvörum mun einnig hafa áhrif á merkjanlega stálneyslu í upphafi þessa árs þar sem seljendur og einstaka neytendur eiga enn miklar birgðir. Þrátt fyrir að útkoman fyrir árið í heild verði ekki mikið betri en árið 1995 ætti að gæta bata seinni hluta árs 1996 (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjttíð. EB).

Rekstur áætlunarflugleiða**96/EES/12/19****Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Castres Mazamet og Lyon (Satolas) og milli Rodez og Lyon (Satolas)**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Castres Mazamet og Lyon (Satolas) og milli Rodez og Lyon (Satolas). Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 322, 2. 12 1995 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 43, 15. 2. 1995).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku, þar sem pósthimpill gildir sem sönnun um sendingu eða afhent persónulega gegn kvittun eigi síðar en 1 mánuði og í síðasta lagi 5 vikum eftir birtingu í Stjútíð. EB fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Chambre de commerce et d'industrie de Castres,
BP 217,
F-81101 Castres

Sími: 63 72 81 81
Bréfasími: 63 72 81 99

96/EES/12/20

Rekstur áætlunarflugleiða
Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr.
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli
Clermont-Ferrand og Marseille

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Clermont-Ferrand og Marseille. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 350, 30. 12 1995 (sjá nánari útlíun í Stjútíð. EB nr. C 43, 15. 2. 1995).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku, þar sem pósthimpill gildir sem sönnun um sendingu eða afhent persónulega gegn kvittun eigi síðar en 1 mánuði og í síðasta lagi 5 vikum eftir birtingu í Stjútíð. EB fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Chambre de commerce et d'industrie de Clermont-Ferrand-Issoire
aéroport de Clermont-Ferrand-Aulnat
BP 1
F-63510 Aulnat

96/EES/12/21

Rekstur áætlunarflugleiða
Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr.
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli
Pau og Madrid

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Pau og Madrid. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 240, 15. 9. 1995 (sjá nánari útlíun í Stjútíð. EB nr. C 43, 15. 2. 1995).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku, þar sem pósthimpill gildir sem sönnun um sendingu eða afhent persónulega gegn kvittun eigi síðar en 1 mánuði og í síðasta lagi 5 vikum eftir birtingu í Stjútíð. EB fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Chambre de commerce et d'industrie de Pau
aéroport de Pau-Pyrénées
F-64230 Uzein

96/EES/12/22

Rekstur áætlunarflugleiða
Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr.
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli
Clermont-Ferrand og Lyon (Satolas)

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Clermont-Ferrand og Lyon (Satolas). Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 350, 30. 12. 1995 (sjá nánari útlitun í Stjtíð. EB nr. C 43, 15. 2. 1995).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku, þar sem pósthimpill gildir sem sönnun um sendingu eða afhent persónulega gegn kvittun eigi síðar en 1 mánuði og í síðasta lagi 5 vikum eftir birtingu í Stjtíð. EB fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Chambre de commerce et d'industrie de Clermont-Ferrand-Issoire
aéroport de Clermont-Ferrand-Aulnat
BP 1
F-63510 Aulnat

96/EES/12/23

Rekstur áætlunarflugleiða
Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr.
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli
Clermont-Ferrand og Nice

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Clermont-Ferrand og Nice. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 350, 30. 12. 1995 (sjá nánari útlitun í Stjtíð. EB nr. C 43, 15. 2. 1995).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku, þar sem pósthimpill gildir sem sönnun um sendingu eða afhent persónulega gegn kvittun eigi síðar en 1 mánuði og í síðasta lagi 5 vikum eftir birtingu í Stjtíð. EB fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Chambre de commerce et d'industrie de Clermont-Ferrand-Issoire
aéroport de Clermont-Ferrand-Aulnat
BP 1
F-63510 Aulnat

96/EES/12/24

Rekstur áætlunarflugleiða
Útboðsauglýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr.
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli
Pau og Clermont-Ferrand

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Pau og Clermont-Ferrand. Skilyrðin sem bundin eru þessari skyldu til að veita opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 240, 15. 9. 1995 (sjá nánari útlitun í Stjtíð. EB nr. C 43, 15. 2. 1995).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku, þar sem pósthimpill gildir sem sönnun um sendingu eða afhent persónulega gegn kvittun eigi síðar en 1 mánuði og í síðasta lagi 5 vikum eftir birtingu í Stjttíð. EB fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Chambre de commerce et d'industrie de Pau
aéroport de Pau-Pyrénées
F-64230 Uzein

**Orðsending frá frönskum stjórnvöldum með hliðsjón af 96/EES/12/25
tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um
skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að,
rannsaka og vinna kolvatnsefni⁽¹⁾**

Framkvæmdastjórnin birti auglýsingu varðandi umsókn um nytjaleyfi til að leita að olíu og gasi á sérleyfissvæðinu Ecury-sur-Coole í Stjttíð. EB nr. C 142, 14. 2. 1996.

Þann 15. nóvember 1995 lagði Midland Madison Petroleum Company inn umsókn um nytjaleyfi fyrir fimm ára tímabil til að að leita að olíu og gasi á sérleyfissvæðinu Ecury-sur-Coole (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjttíð. EB).

Frestur til að senda inn umsóknir rennur út 90 dögum eftir birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB.

Frekari upplýsingar er unnt að fá hjá:

Ministry for Industry (Directorate-General for Energy
and Raw Materials, Directorate for Oil and Gas, Department
for the Conservation of Oil and Gas Resources),
99, rue de Grenelle
F-75353 Paris 07 SP
Bréfasími: +33 1 43 18 48 67

**Tilvísunarnúmer fyrir tilkynningu á útflutningi tiltekinna 96/EES/12/26
hættulegra efna**

Framkvæmdastjórnin hefur í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92 birt skrá yfir tilvísunarnúmer fyrir kemísk efni sem eru bönnuð eða háð ströngum takmörkunum sem hafa verið flutt út þar til í desember 1995 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 35, 8. 2. 1996).

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 25, 8. 7. 1995, bls. 2.

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 15. 1. til 2. 2. 1996 96/EES/12/27

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

| Kóði | Skráningarnúmer | Titill | Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann | Sent til ráðsins þann | Blaðsíðu- fjöldi |
|-------------|----------------------------------|---|---------------------------------------|-----------------------|------------------|
| COM(95) 729 | CB-CO-95-763-EN-C ⁽¹⁾ | Tillaga að reglugerð ráðsins um skilyrði fyrir farþegaflutningum á vegum í öðru aðildarríki en þar sem fólksflutningafyrirtækið hefur aðsetur | 12.1.1996 | 15.1.1996 | 27 |
| COM(95) 720 | CB-CO-95-751-EN-C | Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið | 18.1.1996 | 18.1.1996 | 13 |
| COM(96) 3 | CB-CO-96-006-EN-C | EURES (Evrópska atvinnumiðlunin) - Skýrsla fyrir 1994 til 1995 | 19.1.1996 | 22.1.1996 | 33 |
| COM(96) 8 | CB-CO-96-012-EN-C | Orðsending frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar (Hlutaársskýrsla um mat á Helios II-áætluninni) | 23.1.1996 | 24.1.1996 | 16 |
| COM(96) 16 | CB-CO-96-019-EN-C | Álit framkvæmdastjórnarinnar, samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum, um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um leiðbeiningar bandalagsins um þróun samevrópsks flutninganets | 24.1.1996 | 24.1.1996 | 64 |
| COM(95) 661 | CB-CO-95-753-EN-C | Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um lögvernd líftæknilegra uppfinninga | 13.12.1995 | 25.1.1996 | 43 |
| COM(96) 20 | CB-CO-96-021-EN-C | Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins - samvinna stjórnvalda um framkvæmd laga fyrir innri markaðinn - framfaraskýrsla | 29.1.1996 | 29.1.1996 | 62 |
| COM(96) 27 | CB-CO-96-026-EN-C | Álit framkvæmdastjórnarinnar, samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 89/647/EBE hvað varðar viðurkenningu viðkomandi stjórnvalda á samningum um nettóstöður | 29.1.1996 | 29.1.1996 | 8 |
| COM(95) 545 | CB-CO-95-603-EN-C | Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um sameiginlegar rammaákvæðanir fyrir almennar heimildir og einstök leyfi á sviði fjarskiptáþjónustu | 14.11.1995 | 30.1.1996 | 39 |
| COM(96) 19 | CB-CO-96-050-EN-C | Grænbók um endurskoðun á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja | 31.1.1996 | 2.2.1996 | 50 |

(¹) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.